

## Almenn starfshæfni

<b>Aðlögunarhæfni</b>	Lagar sig að aðstæðum eftir þörfum til að ná árangri í síbreytilegum aðstæðum og í vinnu með mismunandi einstaklingum og hópum.
<b>Ábyrg nýting</b>	Nýtir verðmæti* á hagkvæman og skynsamlegan hátt til að ná markmiðum. <i>*Með verðmætum er bæði átt við úpreifanleg og huglæg verðmæti t.d.: fólk, vörur, birgðir, peninga, þekkingu, o.s.frv.</i>
<b>Árangursrík samskipti</b>	Hlustar á aðra, tjáir sig skýrt og stuðlar að opnum samskiptum. <i>Einstaklingar með heyrnarskerðingu geta notað táknmál.</i>
<b>Jafnréttisvitund</b>	Nýtir eigin gildi og þekkingu til að vinna á árangursríkan hátt með ólíkum einstaklingum með fjölbreyttan bakgrunn* við margskonar aðstæður. <i>*T.d. aldur, kyn, búseta, fötun, kynheigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni eða þjóðerni.</i>
<b>Mat og lausnir</b>	Vegur og metur hugmyndir og upplýsingar á hlutlægan hátt við ákvarðanatöku.
<b>Samvinna</b>	Vinnur með öðrum til að ná markmiðum fyrirtækis.
<b>Skipulag og áætlanir</b>	Þróar, innleiðir, metur og aðlagar áætlanir til að ná settum markmiðum.
<b>Starfsþróun og færniefning</b>	Greinir og tekur á eigin þörf fyrir símenntun og þróun til að bæta frammistöðu í starfi.
<b>Söfnun og úrvinnsla upplýsinga</b>	Finnur og dregur saman upplýsingar frá viðeigandi aðilum/heimildum* og kynnir sér þær í þeim tilgangi að geta greint frá þeim á skilmerkilegan hátt. <i>*T.d. bækur, internetið eða einstaklingar.</i>
<b>Vinnusiðferði og gildi</b>	Fer eftir og styður starfa- og siðareglur vinnustaðarins.
<b>Öryggisvitund</b>	Kemur auga á aðstæður sem geta skapað hættu á vinnustað og grípur til viðeigandi ráða til að halda vinnuumhverfinu öruggu fyrir sig og aðra.